

# Víkur til framtíðar

Ástandsúttekt og framtíðarsýn Víknaslóða



Hörn Halldóru- og Heiðarsdóttir

19.10.2018

## Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	<b>2</b>
<b>2. Um Víknaslóðir</b> .....	<b>3</b>
<b>3. Um verkefnið</b> .....	<b>4</b>
<b>4. Úttekt á Víknaslóðum</b> .....	<b>6</b>
4.1 Kort .....	6
4.2 Skilti .....	7
4.3 Vegvísar.....	10
4.4 Stikur .....	12
4.5 Gönguleiðir.....	13
Brúnavíkurskarð (leið 19).....	13
Hofstrandarskarð (leið 20) .....	14
Brúnavík – Breiðavík (Súluskarð) (leið 21) .....	15
Súluskarð – Glettingsnes (leið 23).....	18
Gagnheiði (leið 24) .....	18
Bráandarhryggur – Kjólsvík (Kjólsvíkurskarð) (leið 26) .....	18
Kjólsvík – Kjólsvíkurvarp (leið 27) .....	19
Breiðavík – Húsavík (Víknaheiði) (leið 30) .....	20
Urðarhólar (leið 31) .....	20
Urðarhólar – Víknaheiði (leið 32) .....	21
Þverá – Húsavíkurskáli (leið 33) .....	21
Húsavíkurskáli – Húsavíkirkirkja (leið 35) .....	21
Húsavíkurskáli – Loðmundarfjarðarskáli (leið 37) .....	21
Kækjuskörð (leið 38) .....	22
Seyðisfjörður – Loðmundarfjörður (Hjál márdalsheiði) (leið 41) .....	24
Geitavík – Hrafnatindur – Bakkagerði (leið 15) .....	24
Smalakofi Kjarvals (leið 16) .....	25
<b>5. Framkvæmdir 2018</b> .....	<b>26</b>
<b>6. Álit hlutaðeigenda</b> .....	<b>31</b>
6.1 Innlegg landeigenda.....	31
6.2 Innlegg leiðsögumanna .....	35
6.3 Innlegg ferðamanna .....	36
<b>7. Framtíðarsýn fyrir svæðið</b> .....	<b>37</b>
<b>8. Framtíðarsýn fyrir landvörslu</b> .....	<b>40</b>
<b>9. Tillögur að framkvæmdum</b> .....	<b>42</b>
<b>10. Lokaorð</b> .....	<b>45</b>

## 1. Inngangur

Víknaflóðir eru svæði sem lætur engan ósnortinn. Samblanda mikillar sögu og stórkostlegrar náttúru, með einstökum jarðmyndunum og fjölbreyttu lífríki, gera Víkur og Loðmundarfjörð að einu áhugaverðasta göngusvæði landsins. Fjölmargir ferðamenn heimsækja svæðið á hverju sumri til að upplifa einstaka náttúrufegurð í kyrrð og ró, fjarri símasambandi og nettengingu. En hvernig er ástand svæðisins orðið? Er ágangur ferðamanna orðinn svo mikill að komið sé að þolmörkum? Og sé úrbóta þörf, hvaða aðgerðir þarf að ráðast í til að tryggja verndun náttúru svæðisins til frambúðar?

Á Víknaflóðum er þétt net gönguleiða en ekki hefur verið gerð heildstæð úttekt á ástandi þeirra síðan stikun hófst fyrir rúmum 20 árum. Nú er svo komið að aðstandendur svæðisins vilja móta framtíðarsýn fyrir Víknaflóðir en grunnurinn að því er að fá upplýsingar um núverandi stöðu mála. Því var farið í það verkefni að ráða landvörð til að starfa í eitt sumar og taka út allt svæðið í heild.

Verkefnið er áhugavert fyrir margar sakir. Gönguleiðir á Víknaflóðum liggja nánast eingöngu í gegnum einkalönd og afrétt en þetta er í fyrsta sinn á Íslandi sem ráðinn er landvörður á svæði sem hvorki er friðlýst né hluti af þjóðgarði. Þá er einsdæmi að félagasamtök hafi framkvæði að ráðningu landvarðar en hingað til hafa landverðir einungis starfað fyrir ríkið eða sveitarfélög.

Í sumar var lagt var upp með að gera heildstæða úttekt á núverandi ástandi svæðisins og móta í kjölfarið framtíðarsýn auk þess að útbúa verkefnalista yfir þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að ráðast í á næstu misserum. Í þessari skýrslu verður ekki einungis fjallað um téða úttekt heldur einnig um ýmsa þætti er við koma Víknaflóðum sem göngusvæði. Má þar nefna samantekt á afstöðu landeigenda og annarra hlutaðeigenda sem rætt var við í sumar, lýsingu á þeim úrbótaverkefnum sem framkvæmd voru í sumar og verkefnalista fyrir landverði næstu ára.

## 2. Um Víknaslóðir

Víknaslóðir kallast það svæði sem liggur á milli Borgarfjarðar eystra og Seyðisfjarðar. Á svæðinu eru fjölmargar gönguleiðir sem liggja um Víkur og Loðmundarfjörð en Víkur er samheiti yfir svæðið á milli Borgarfjarðar og Loðmundarfjarðar; þ.e. Brúnavík, Hvalvík, Glettingsnes, Kjólsvík, Breiðuvík, Herjólfsvík, Húsavík og Ytri- og Innri-Álftavík. Áður var búið á öllu svæðinu, utan Herjólfsvíkur, en byggð lagðist alveg af um miðja 20. öld.

Víknaslóðir eru einstakt svæði á marga vegu. Stórkostlegar jarðmyndanir setja mikinn svip á svæðið en jarðfræðin einkennist af litskrúðugu líparíti. Þá eru Víknaslóðir með eindæmum gróðursælt svæði og þar má finna nokkrar fágætar plöntutegundir sem sjaldgæft er að finna annars staðar á landinu. Má þar til dæmis nefna súrsmæru, ljósalyng, lyngbúa og gullkoll.

Líkt og fyrr segir voru Víkur og Loðmundarfjörður í byggð frá landnámi og allt fram yfir miðja síðustu öld, þó með hléum. Víða eru tóftir gamalla bæja sem gefa innsýn inn í ótrúlega búsetu Íslendinga hér á öldum áður en um er að ræða afar afskekkt svæði; raunar svo afskekkt að sums staðar komu aldrei vinnuvélar.

Bíslóði liggur nú frá Þverá um Húsavíkurheiði til Húsavíkur og þaðan áfram um Nesháls og niður í Loðmundarfjörð, alveg inn að skála FFF að Klyppstað. Einnig er bíslóði frá Borgarfirði um Gagnheiði til Breiðuvíkur og svo frá Breiðuvík um Víknaheiði að vegamótum við Loðmundarfjarðarveg.

Á vefsíðu Ferðamálahóps Borgarfjarðar eystra, *borgarfjordureystri.is*, má finna nánari upplýsingar um Víknaslóðir. Þar er ýmislegt gagnlegt að finna, svo sem GPS gögn um margar gönguleiðir, byggðarsögu svæðisins, upplýsingar um gönguskála og tillögur að gönguferðum.

### 3. Um verkefnið

Ráðning landvarðar á Víknaslóðir sumarið 2018 var samstarfsverkefni Ferðafélags Fljótsdalshéraðs (FFF) og Ferðamálahóps Borgarfjarðar eystra (FB). Bæði félög hafa komið að uppbyggingu á svæðinu undanfarin ár; FB stikaði allar gönguleiðirnar auk þess að gefa út gönguleiðakort og halda úti vefsíðu með upplýsingum um Víknaslóðir en FFF reisti skálana þrjá í Breiðuvík, Húsavík og Loðmundarfirði.

Stikun gönguleiðanna hófst árið 1996 og stóð yfir í nokkur ár en hugmyndin var sú að stika gömlu þjóðleiðirnar á milli bæja. Fjöldmargir meðlimir FB tóku þátt í verkefninu en helsti forgöngumaður þess var Helgi Magnús Arngrímsson. Á svæðinu eru nú um 160 km af stikuðum leiðum. Árið 1998 kom út fyrsta gönguleiðakortið af Víknaslóðum. Sama ár byggði FFF skálann í Breiðuvík og var það fyrsti skálinn á svæðinu. Árið 2000 reis Húsavíkurskáli og níu árum síðar lauk svo byggingu skálans á Klyppstað í Loðmundarfirði.



Skálar FFF í Breiðuvík, Húsavík og Loðmundarfirði.

Eftir að gönguleiðirnar voru stikaðar hefur viðhald á þeim verið með tilviljanakenndu móti. Sumum leiðum hefur verið haldið ágætlega við á meðan aðrar hafa ekki verið kannaðar lengi. Nú er svo komið að hlutar svæðisins eru farnir að láta á sjá og kominn tími til að fara í markvissar endurbætur á göngusvæðinu Víknaslóðum í heild sinni.

Markmiðið með því að ráða landvörð í fyrsta skipti í sumar var að fá utanaðkomandi aðila til að gera heildstæða úttekt á svæðinu; kanna hvert ástandið er, hvað þurfi að laga og koma með tillögur að úrbótum. Einnig að ræða við landeigendur og fá þeirra sýn á Víknaslóðir sem göngusvæði. Þannig fæst betri yfirsýn þau verkefni sem nauðsynlegt er að ráðast í á næstu árum.

Að undirbúningi og skipulagningu verkefnisins í sumar stóðu Þórhallur Þorsteinsson, Hafþór Snjólfur Helgason, og Ingibjörg Jónsdóttir. Fólust þeirra störf meðal annars í styrkjasöfnun og útvegum húsnæðis og bifreiðar fyrir starfsmann auk ýmiss almenns undirbúnings.

### Vinnutilhögun

Landvörður mætti á svæðið þann 10. júlí 2018. Unnið var fimm daga vikunnar, tíu klukkustundir á dag, en undirrituð hafði þó frelsi til að skipuleggja vinnu og frídaga eftir hentugleika. Þurfti t.a.m. að taka tillit til veðurs fyrir ákveðin verkefni.

Alls var landvörður við störf á svæðinu í tæpar sex vikur eða á eftirfarandi tímabilum:

- 10. júlí – 10. ágúst
- 22. ágúst – 1. september

### Styrktaraðilar

Eftirfarandi aðilar styrktu ráðningu landvarðar og/eða uppbyggingu á Víknaslóðum sumarið 2018:

- Alcoa fjarðaál
- Arion banki
- Framkvæmdasjóður ferðamannastaða
- Íslenskir fjallaleiðsögumenn
- Landsbankinn
- Umhverfisráðuneytið



## 4. Úttekt á Víknaslóðum

### 4.1 Kort

Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystra sér um útgáfu gönguleiðakorts af svæðinu. Auk Víknaslóða sýnir kortið leiðir við Borgarfjörð, Seyðisfjörð og á Úthéraði.

Hver gönguleið er tölusett og á bakhlið kortsins má finna leiðarlýsingar ásamt hnitum og lengd gönguleiða auk annarra gagnlegra upplýsinga. Þá er merkt hvort hver leið sé stikuð eða ekki (grænar gönguleiðir eru merktar en rauðar ómerktar) og hvert erfiðleikastig hennar er (auðvelt, krefjandi eða erfitt).



Gönguleiðakort FB

Kortið er mjög gott og hreinlega nauðsynlegt fyrir hvern þann sem hyggst ganga Víknaslóðir. Leiðarlýsingar eru góðar, framsetningin er skýr og allar helstu upplýsingar sem mikilvægt er að hafa koma þar fram.

Eftirfarandi eru tillögur að úrbótum fyrir næstu prentun:

- Í leiðarlýsingu fyrir Brúnavíkurskarð (leið nr. 19) stendur: „... Mjög góður hringur er leið 20 suður og 21 til baka.“ Þessu þyrfti að breyta í: „...Mjög góður hringur er leið 19 suður og 20 til baka.“
- Á kortinu er leiðin frá Kjólsvíkurvarpi upp á Grenmó (leið nr. 29) græn sem gefur til kynna að hún sé stikuð. Hið rétta er að leiðin er óstikuð og ætti því að vera rauð.
- Í leiðarlýsingu fyrir leiðina úr Brúnavík í Breiðuvík um Súluskarð (leið nr. 21) kemur ekki fram að gengið sé með sandinum eftir að komið er yfir Brúnavíkurá. Þessu þyrfti að bæta við til að auðvelda ferðamönnum að finna upphaf leiðarinnar til Breiðuvíkur.
- Í táknmyndaskýringu kortsins (efst í hægra horninu) stendur: „Hringsjá, gott útsýni“. Þessu mætti breyta í „Hringsjá / gott útsýni“ til að koma í veg fyrir þann misskilning að hringsjá sé þar sem engin er.
- Eftir samtöl landvarðar við landeigendur er ljóst að það er vilji margra að banna lausagöngu hunda á svæðinu. Það er þó hvergi tekið fram á kortunum og mætti bæta því við.

## 4.2 Skilti

### Upphafsskilti gönguleiða

Við upphaf hverrar gönguleiðar er skilti með leiðarlýsingum, hnitum, lengdum gönguleiða og áætluðum göngutíma. Auk þess er kort þar sem sjá má þær leiðir sem hægt er að ganga út frá staðsetningu skiltisins en þetta eru sömu upplýsingar og finna má á gönguleiðakortinu.



Ástand upphafsskiltis er misjafnt

Ástand þessara upphafsskiltis er nokkuð misjafnt. Flest eru í fínu ástandi en önnur hafa orðið fyrir rakaskemmdum og þarf að skipta út. Þá hafa nokkrir staurar lyfst vegna frostlyftingar og rísa nú of hátt úr jörðu.

Tafla 1 að neðan sýnir ástand hvers upphafsskiltis fyrir sig.



Tafla 1. Ástand upphafsskilta.

Nr.	Staðsetning skiltis	Skipta út korti	Ónýtt plast	Staur of hár	Athugasemdir
1	Vatnsskarðsvegur				
2	Stóruð	X	X		Gamalt skilti. Texti hefur máðst af og plastið er rispað.
3	Vatnsskarð	X			Mikið vatn hefur komist inn fyrir plastið.
4	Njarðvík				
5	Bakkagerði	-	-	-	Skilti vantar. Þarf að setja niður.
6	Hólaland				
7	Geitavík				
8	Árbær	X	X		Plastið er brotið. Einnig snýr skiltið í norður (frá bænum og upphafi gönguleiðar)
9	Kolbeinsfjara	X			Kortið er orðið krumpað
10	Brúnavík	X			Kortið er orðið krumpað
11	Brotagil	X			
12	Hólahorn				
13	Kjólsvíkurmelar				
14	Breiðavík	X			
15	Glettingsnes	-	-	-	Ekki náðist að ganga út á Glettingsnes í sumar
16	Borgarfjörður				
17	Þrándarhryggur			X	Staurinn stendur heldur hátt vegna frostlyftingar
18	Víknaheiði				
19	Krossmelar				
20	Húsavíkurskáli				
21	Urðarhólar (neðri)			X	Staurinn stendur of hátt eftir frostlyftingu
22	Urðarhólar (efri)			X	Kortið orðið aðeins krumpað en þó enn vel læsilegt. Staurinn of hár eftir frostlyftingu.
23	Þverá	X		X	Kortið orðið mjög krumpað vegna raka
24	Grjótbrún (Nesháls)				
25	Grjótbrún (vegur innan við Nes)				
26	Loðmundarfjörður		X		Sprungu í plastinu
27	Stakkahlíð	X	X		Mikill raki og skiltið orðið mosi vaxið
28	Sævarendi				Færa skiltið þangað sem gönguleiðin hefst.

Textinn á upphafsskiltum gönguleiðanna er sá sami og er aftan á gönguleiðakortinu. Hann er því ekki sniðinn sérstaklega að hverju upphafsskilti fyrir sig og því eru leiðarlýsingar stundum miðaðar við annan upphafsstað en þann sem gengið er frá. Svo dæmi sé tekið stendur við Sævarenda í Loðmundarfirði eftirfarandi leiðarlýsing um Hjálmárdalsheiði:

„Gangan hefst skammt frá eyðibýlinu Kolsstöðum um Hjálmárdalsheiði (550m) sem áður var aðalleiðin milli fjarðanna. Bratt er upp á brún heiðarinnar, einkum efstu brekkurnar. Vaða eða stikla þarf tvær óbrúaðar ár, Kolsstaðaá og Hjálmá ofarlega í Hjálmárdal, en brú er á Fjarðará í Loðmundarfirði, innan við Sævarenda.“

Þessi leiðarlýsing er miðuð við að gengið sé frá Seyðisfirði í Loðmundarfjörð en á skiltinu við Sævarenda í Loðmundarfirði væri eðlilegra að leiðarlýsingin miðaðist við að gengið sé úr Loðmundarfirði í Seyðisfjörð. Flest göngufólk ætti líklegast ekki í vandræðum með að átta sig á leiðarlýsingunni eins og hún er en ekki sakar að auka skýrleikann, sérstaklega þar sem flest göngufólk er óstaðkunnugt og þekkir hvorki örnefni né bæjarheiti.

## Önnur skilti

Á svæðinu eru nokkur önnur skilti og verður fjallað um þau hér.

- Við Geitavík er upplýsingaskilti um Jóhannes Kjarval. Skiltið er orðið gamalt og ónýtt en textinn hefur alveg máðst af á nokkrum stöðum og er því torlesinn.



Skiltið um Kjarval er orðið gamalt og illa farið

- Við álfasteinininn Koll í Kækjudal er lítið skilti með upplýsingum um steininn. Textinn hefur máðst af á nokkrum stöðum og mætti gjarnan skipta því út fyrir nýtt.



Skiltinu mætti gjarnan skipta út

- Á leið 20 um Hofstrandarskarð eru tvö skilti þar sem fólk er beðið um að halda sig á merktum gönguleiðum. Skiltin voru sett upp að beiðni landeigenda á Hofströnd og standa skýr á sínum stað.
- Á upphafsstaurom þeirra gönguleiða sem byrja í Borgarfirði eystra er áfast skilti með vinsamlegum filmælum til gesta að halda sig á merktum gönguleiðum og að gista í eða tjalda við skálana í Breiðvík, Húsavík og Loðmundarfirði. Til eru fleiri slík skilti sem setja mætti á alla hina upphafsstaura svæðisins.

### 4.3 Vegvísar

Á svæðinu eru vegvísar. Um er að ræða grænmálaða staura með innfelldum, gulmáluðum álspjöldum. Á spjöldunum eru límmiðar með helstu upplýsingum um leiðirnar.



Vegvísar á Víknaslóðum

Þessir vegvísar eru hentugir að því leyti að þeir veðrast lítið þar sem spjöldin eru felld inn í staurana. Aftur á móti eru þeir nokkuð fyrirferðamiklir og þar sem að spjöldin eru felld inn í staurana er ekki hægt að hafa marga vísa á einum staur. Sums staðar eru því nokkrir vegprestar á einum stað sem standa nokkuð dreift og vísa hver í sína áttina. Dæmi um þetta er við Urðarhólavatn en þar eru þrjú vegprestar. Að mati undirritaðrar gætu þeir reyndar verið tveir þar sem sá sem vísar á Víknaheiði gæti verið bakhliðin á þeim sem vísar á Loðmundarfjarðarveg.



Vegprestur við Urðarhólavatn

Skoða mætti að skipta núverandi vegvísam smám saman út fyrir staura með vísam í margar áttir. Þannig þyrfti bara einn vegprest á hvern stað auk þess sem skýrara væri í hvaða átt hver leið liggur. Til dæmis væri hægt að fræsa upplýsingar um gönguleiðir í viðarplötur og festa á staur úr rekaviði, en viðlíka vegvísa má til dæmis finna víða á Hornströndum. Slíkir vegvísar eru náttúrulegir og falla vel inn í landslagið auk þess að veðrast lítið. Þá yrði viðhald í lágmarki þar sem hvorki þyrfti að mála vegvísana né skipta út límmiðum með upplýsingum um gönguleiðirnar.

Auk hinna eiginlegu vegvísa má á stöku stað finna stikur með áföstum litlum, gulum plastspjöldum og á spjöldunum stendur hvert leiðin liggur. Þessar merkingar eru líklega nokkuð gamlar þar sem þær hafa víða dottið af eða brotnað að hluta.



Merking í Brúnavík

#### 4.4 Stikur

Kominn er tími til að yfirfara allar leiðir hvað stikun varðar. Skipta þarf út gömlum og ónýtum stikum fyrir nýjar og mála þarf allar þær stikur sem enn standa heilar.

Á öllum þeim leiðum sem landvörður náði að fara í sumar eru grænar stikur með gulum toppi. Eina undantekningin eru Kækjuskörð (leið nr. 38) en á henni eru stikurnar appelsínugular og gular í bland. Auk þess löguðu Seyðfirðingar leiðina um Hjálmárdalsheiði (leið nr. 41) síðastliðið vor með rauðum/appelsínugulum stikum.



Kominn er tími til að skipta út gömlum stikum og mála þær sem enn eru í lagi

Nokkuð hefur verið rætt um hvaða litur henti best á stikuðum leiðum svæðisins. Sumir vilja að stikurnar falli nægjanlega vel inn í landslagið til að vera ekki of áberandi á meðan aðrir vilja heldur hafa þær eins sýnilegar og unnt er, öryggisins vegna. Undirrituð leggur til að haldið verði í gula málningu á öllum leiðum nema um Kækjuskörð og Hjálmárdalsheiði. Guli liturinn sést vel en líkt og fram hefur komið er nauðsynlegt að mála allar stikur og skipta út ónýtum. Stikurnar á leiðinni um Kækjuskörðin eru aftur á móti langflestar með appelsínugulum toppi en það hentar vel þar sem leiðin liggur hátt (allt að 763 m hæð yfir sjávarmáli) og er ansi þokugjörn.

Þá leggur landvörður einnig til að hætt verði að mála stikurnar grænar og að þess í stað verði aðeins toppur stikanna málaður. Græni liturinn fellur ekki betur inn í landslagið en ómálaðar stikur heldur getur þvert á móti verið náttúrulegra að hafa viðinn beran. Að mála stikurnar alveg felur einnig í sér meira viðhald en að endurmála toppana á þeim stikum sem þegar eru komnar niður.

#### 4.5 Gönguleiðir

Hér verður fjallað um allar helstu stikaðar gönguleiðir á Víknaslóðum og ástand þeirra. Auk þess verður fjallað um nokkrar leiðir sem tilheyra ekki hinum eiginlegu Víknaslóðum en eru þrátt fyrir það samtengdar svæðinu og auk þess birtar á sama gönguleiðakorti.

Auk neðangreindra leiða eru margar óstikaðar gönguleiðir í boði og eru sumar þeirra merktar á fyrrnefnt kort FB. Ekki verður fjallað um ástand óstikaðra leiða.

##### Brúnavíkurskarð (leið 19)

Leiðin um Brúnavíkurskarð hefst við Kolbeinsfjöru í Borgarfirði og liggur að neyðarskýlinu í Brúnavík. Upphaflega lá leiðin frá Ölduhamri, líkt og gamla þjóðleiðin, en árið 2010 var hún færð að beiðni landeigenda á Hofströnd og liggur nú frá Kolbeinsfjöru líkt og fyrr segir.

Upphaf gönguleiðarinnar er mjög greinilegt enda er þetta sú leið sem er langmest farin. Leiðin liggur beint upp í skarðið og er nokkuð brött. Í rigningum geta því myndast lækir á göngustígnum, sem jafnvel í þurru er mjög blautur og drullugur á köflum, og veldur ferðamönnum vandræðum auk þess að vera til lífillar þýði.

Sums staðar er stígurinn orðinn margfaldur eftir ágang ferðamanna auk þess að skiptast upp í tvennt eða þrennt á nokkrum stöðum. Er þetta sérstaklega áberandi snemma á gönguleiðinni þar sem skortur á áberandi stikum auk mikillar bleytu hafa valdið því að leiðin skiptist upp í margar. Þá virðast fjárgötur eitthvað rugla göngufólk þar sem stikur skortir. Þegar komið er niður úr skarðinu Brúnavíkurmegin er leiðin aftur á móti skýr og í ágætu standi enda er þar talsvert grýttara undirlag en Borgarfjarðarmegin.



Göngustígurinn er víða orðinn breiður og drullugur

Æskilegast væri að leiðin hæfist á Ölduhamri líkt og áður var. Sú leið er talsvert meira aflíðandi auk þess sem undirlendið er þurrara og grýttara og þolir því betur ágang. Hins vegar eru landeigendur á Hofströnd mótfallnir því og á meðan svo er mun leiðin áfram liggja frá Kolbeinsfjöru.

Sökum mikilla vinsælda og ágangs var lögð áhersla á að endurstika leiðina um Brúnavíkurskarð í sumar. Lesa má um framkvæmdirnar í kafla 5 að neðan.

### Hofstrandarskarð (leið 20)

Leiðin um Hofstrandarskarð hefst við neyðarskýlið í Brúnavík en gengið er inn víkina að krossgötum við Brotagil og þaðan á jeppaslóða um Hofstrandarskarð.

Setja þarf niður vegvísa við neyðarskýlið í Brúnavík svo ljóst sé hvar leiðir nr. 19, 20 og 21 skiptast. Eins og stendur eru engir vegvísar í Brúnavík.

Þegar gengið er inn víkina er gengið nokkuð mikið í mýrlendi. Á nokkrum stöðum er leiðin orðin mjög blaut og drullug, sér í lagi þar sem farið er yfir litla læki. Landvörður hlóð grjóti úr nærumhverfinu í tvær lækjarsprænur í sumar svo hægt væri að stikla yfir þær en það mætti gera enn betur og mynda hreinlega hellulögn yfir lækina. Slík

grjóthleðsla fellur vel inn í umhverfið og ætti að hvíla slæma hluta af leiðinni auk þess að auðvelda göngufólki yfirferðina. Í haust voru einnig settar niður tvær litlar göngubrýr á verstu svæðin. Sjá nánar um framkvæmdir í kafla 5.



Drullug svæði. Myndin til hægri sýnir svæði sem er um 2 m á lengd

### Brúnavík – Breiðavík (Súluskarð) (leið 21)

Hægt er að velja um tvær merktar leiðir til Breiðuvíkur um Súluskarð en báðar hefjast þær við neyðarskýlið í Brúnavík. Annars vegar er hægt að vaða eða stikla Brúnavíkurá skammt frá neyðarskýlinu og ganga út á sandinn. Gengið er meðfram sjónum stuttan spöl þar til beygt er inn víkina og gengið ofan Seldals og þannig upp í Súluskarð. Hins vegar er hægt að ganga inn Brúnavík að Brotagili og fara svo tengileið (leið nr. 22) og enda á leið nr. 21. Á tengileiðinni er göngubrú yfir Brúnavíkurá.

Það er alls ekki greinilegt hvernig leiðir 20 og 21 skiptast við neyðarskýlið í Brúnavík. Enginn vegvísir er í víkinni svo ekki er ljóst að ganga eigi út á sandinn og þaðan inn víkina til að fara leið 21 um Súluskarð. Auk þess eru engar stíkur austan megin við Brúnavíkurá svo ekki er ljóst að stíkaða leiðin liggja þar. Leið 20 er aftur á móti nokkuð greinileg frá neyðarskýlinu. Landvörður bætti við nokkrum stikum sem leiða frá neyðarskýlinu og niður að á, skammt frá ósnum, til að beina fólki rétta leið.

Setja mætti göngubrú yfir Brúnavíkurá skammt frá neyðarskýlinu. Það myndi ekki aðeins auðvelda göngufólki að komast yfir ána heldur einnig beina því út á sandinn og þannig á leið 21 til Breiðuvíkur. Þá má einnig nefna að Brúnavík er afar vinsæll



áfangastaður og langflestir sem þangað leggja leið sína fara út í fjöru. Því mætti gjarnan brúa ána skammt frá ósnum en þar er algengast að fólk fari yfir.

Hvað stikun varðar er ljóst að ekki gengur að setja niður stikur í sandinn í fjörunni þar sem þær myndu raskast og jafnvel hverfa með sjónum. Því þarf að finna aðra leið til að beina fólki út á sandinn til að fara leið 21 til Breiðuvíkur. Tilkoma brúar myndi breyta miklu en einnig mætti setja niður skilti (til dæmis við brúna) þar sem fólk er bent á að ganga með fjörunni.

Þá er einnig mikilvægt að vegvísur verði komið niður en líkt og fyrr segir eru engir slíkir í Brúnavík. Vegvísar myndu ekki aðeins varpa ljósi á leiðaskiptingu í vikinni heldur einnig koma í veg fyrir að fólk villist norður eftir en dæmi eru um að fólk hafi fylgt fjárgötum (en talið sig vera á gönguleiðinni) og endað í sjálfheldu við Almenningsfles.

Á heildina litið er leiðin ágætlega stikuð en þó mætti þetta merkingar á stöku stað. Landvörður bætti við einni stiku austan megin Brúnavíkurar til að beina fólki yfir ána og út á sandinn. Einng var nokkrum stikum bætt við upphaf leiðarinnar, þar sem beygt er upp úr fjörunni.

Í sjálfu Súluskarði er leiðin ekki þétt stikuð en göngustígurinn þó vel greinilegur. Hið sama verður ekki sagt um Kjólsvíkurmela en þar mætast leiðir 21 og 26 (frá Þrándarhrygg um Kjólsvíkurskarð og niður til Kjólsvíkur). Á melunum er upphafsskilti en vegvísar eru engir og auk þess sárvantar stikur svo ekki er ljóst hvert skal haldið til að fara suður til Breiðuvíkur. Hefur þessi staður verið til nokkurra vandræða en fjölmargir ferðamenn hafa villst þarna á leið sinni til Breiðuvíkur.



Krossgötur á Kjólsvíkurmelum

Skammt frá skála FFF í Breiðuvík skiptist leiðin upp og hafa ferðamenn því um tvennt að velja. Annars vegar að ganga beint niður að skálanum eða þá að ganga niður í Krók, framhjá tóftum gamla bæjarins og þannig að skálanum. Undirrituð leggur til að í staðinn fyrir að hafa báðar leiðirnar stikaðar verði austari leiðin eingöngu látin vera en stikurnar á þeirri vestari teknar upp. Um er að ræða mjög stuttan kafla og í raun óþarfi að bjóða upp á tvær stikaðar leiðir. Sú austari liggur auk þess nær sjónum og framhjá tóftum gamla bæjarins svo hún býður upp á meira fyrir göngufólk að sjá.

Frá Kjólsvíkurmelum liggur leiðin upp í Kjólsvíkurvarp, austan við Kerlingarfjall, og þaðan um Blautumýri niður að skála FFF. Leiðin er óheppileg að því leyti að á leiðinni upp í Kjólsvíkurvarp er lækkun niður í átt að Kjólsvík og tapast því nokkur hæð sem þarf svo að ná aftur. Við tekur svo heilmikið mýrlendi en þar er leiðin farin að láta ansi mikið á sjá auk þess að vera heldur leiðinleg yfirferðar.



Mikið er gengið í mýri á leiðinni

Undirrituð telur tvo kosti í stöðunni. Annars vegar væri hægt að leggja vinnu í að byggja upp og lagfæra leiðina um Blautumýri til að forðast frekari skemmdir og gera leiðina betri yfirferðar. Það mætti til dæmis gera með því að koma upp litlum trépöllum þar sem mest sér á, hlaða grjóti í drullugustu svæðin eða jafnvel setja niður mottur sem koma í veg fyrir að fólk sökkvi í mýrina en gerir jörðinni einnig kleift að græðast upp. Hins vegar mætti færa stikuðu leiðina þannig að gengið sé vestan megin við Kerlingarfjall og þaðan beint niður að skála FFF. Sú leið er alveg laus við mýrar og þar eru þegar mjög skýrar og góðar fjárgötur auk þess sem komist er hjá því

að missa hæð. Leiðin upp í Kjólsvíkurvarp frá Breiðuvík gæti þá enn verið merkt á korti en þyrfti ekki endilega að vera stikuð.

Hvað verður gert er nokkuð sem Ferðamálahópur Borgarfjarðar verður að ákveða í samráði við landeigendur á svæðinu en undirrituð leggur til að stikaða leiðin verði færð vestar og sú gamla hvíld.

### Súluskarð – Glettingsnes (leið 23)

Því miður náðist ekki að ganga út á Glettingsnes í sumar. Það verður þó gert næsta sumar svo hægt sé að meta ástand leiðarinnar.

### Gagnheiði (leið 24)

Gengið er á jeppaslóða frá Borgarfirði um Gagnheiði og að skála FFF í Breiðuvík. Gengið er á bíslóða allan tíma auk þess sem leiðin er að miklu leyti vörðuð og er því bæði greið og augljós.

### Þrándarhryggur – Kjólsvík (Kjólsvíkurskarð) (leið 26)

Leiðin um Kjólsvíkurskarð hefst á Þrándarhrygg og endar við bæjarrústirnar í Kjólsvík. Farið er um Kjólsvíkurskarð og niður á Kjólsvíkurmela en þar liggja krossgötur við leið 21 til Breiðuvíkur.

Bæta mætti við nokkrum stikum á upphaf leiðarinnar en þó eru nokkrar vörður á fyrsta kaflanum sem vísa veginn. Gönguleiðin er nokkuð augljós á köflum en það á ekki við alls staðar. Því er mikilvægt að þetta stikun enda alls ekki skýrt hvar skal farið upp í sjálft skarðið. Á köflum er gengið nokkur mikið í drullugu mýrlendi og mætti gjarnan hlaða grjóti í lækjarsprænum sem gera mýrarnar erfiðar yfirferðar. Sums staðar er svæðið þó farið að láta mikið á sjá og því spurning hvort færa mætti leiðina örlítið þannig að sveigt sé framhjá verstu mýrunum. Þetta þyrfti að skoða betur.



Drullusvað

Líkt og fyrr segir eru fjárgötur framan af sem gera gönguleiðina skýra og góða. Aftur á móti þarf víða að bæta við stikum enda sést ekki alltaf á milli þeirra. Til dæmis er einn staður þar sem tvær stikur leiða hvor í sína áttina; önnur upp á hrygg en hin niður af honum. Undirrituð gekk í báðar átti en fann engar fleiri stikur og var því ekki viss hvar gengið skyldi upp í Kjólsvíkurskarð. Síðar kom í ljós að leiðin liggur upp á fyrrnefndan hrygg en ljóst er að þarna þarf að bæta við stikum og fjarlægja þær sem leiða í ranga átt.

Efst í skarðinu og um leið og komið er niður úr því austan megin er stikunin góð og leiðin sjálf greinileg. Eftir mótin við leið 21 til Breiðuvíkur þyrfti þó bæta við nokkrum stikum þar sem ekki er alltaf gengið eftir fjárgötum og stundum er svo langt á milli stika að ekki sést greinilega hvert skal halda.

### Kjólsvík – Kjólsvíkurlarp (leið 27)

Leiðin liggur frá bæjarrústunum í Kjólsvík og upp í Kjólsvíkurlarp en hún er mjög óljós og illa merkt. Í fyrsta lagi þyrfti að setja upp vegvísa sem sýna hvar farið skal af leið 26 til að ganga upp í varpið. Í öðru lagi þarf að bæta við stikum því á ákveðnum tímapunkti hverfa þær alveg og því er t.a.m. ekki ljóst hvar farið skal yfir Kjólsvíkurlará.

## Breiðavík – Húsavík (Víknaheiði) (leið 30)

Gengið er frá skála FFF í Breiðuvík, norðan Stóruár og um Víknaheiði að mótum við Loðmundarfjarðarveg á Krossmelum. Þaðan er gengið yfir Húsavíkurheiði að skála FFF í Húsavík.

Upphaf leiðarinnar þarf að stika betur. Þegar farið er frá skálanum er fyrst genginn örlífill spölur á bíslóðanum en síðan er beygt af veginum og gengið norðan við Stóruá. Bíslóðinn liggur aftur á móti yfir vað og heldur áfram sunnan megin árinna. Ekki er nógu greinilegt hvar beygja skal af bíslóða og inn á gönguleiðina þar sem merkingar vantar. Vegprestur er staðsettur litlu vestar en vaðið á bílveginum, við göngubrú sem þar er. Dæmi eru um að göngufólk hafi ekki séð hvar beygja átti út af slóðanum og því vaðið eða stiklað yfir Stóruá þar sem bílar keyra yfir. Þá er einnig nokkuð algengt að fólk fari yfir göngubrúna og gangi því á bílveginum í stað þess að halda sig á gönguleiðinni norðan við ána.

Ekki er þétt stikað þar sem gengið er inn Breiðuvík. Leiðin er ekki mjög greinileg, til dæmis þar sem gengið er í mýrlendi, og mætti því víða bæta við stikum. Einnig mætti hlaða grjóti í drullugustu og blautustu kaflana til að auðvelda fólki gönguna.

Innarlega í vikinni liggur gönguleiðin alveg við þverhnípta brún en fyrir neðan rennur Stóraá. Mikið hefur nú þegar rofnað úr brúninni og er aðeins tímaspursmál hvencær sjálf leiðin brotnar af. Því þyrfti að færa leiðina lengra frá brúninni.

Merkja mætti betur hvar stikla skal yfir sumar árnar á leiðinni en til dæmis liggja fjárgötur meðfram einni þeirra sem geta villt um fyrir fólki. Setja þyrfti stikur hinum megin árinna sem og að merkja betur hvar beygja skuli af fjárgötunum.

Leiðin er ekki vel stikuð við Gæsavötn auk þess sem stígurinn er ekki greinilegur. Stikurnar sjást illa, þær þarf að mála og jafnvel skipta út svo auðvelt er að villast á þessum slóðum. Á nokkrum stöðum sá undirrituð fótspor í vitlausa átt svo greinilegt er að fleiri en landvörður villtust af leið.

## Urðarhólar (leið 31)

Hringleið sem hefst við annan tveggja upphafsstaupa á Loðmundarfjarðarvegi.

Gengið er að Urðarhólum og svo til baka að hinum staurnum.

Leiðin er vel stikuð allan hringinn en þetta mætti á stöku stað. Líkt og á öðrum leiðum þarf að mála allar stikur og reka margar betur niður. Þá rísa báðir upphafsstaurarnir mjög hátt vegna frostlyftingar, raunar svo hátt að stíga þarf á stein til að geta lesið á skiltin. Þeim þarf því að koma betur niður.

### Urðarhólar – Víknaheiði (leið 32)

Leiðin liggur af Víknaheiði, framhjá Innra-Gæsavatni og að Urðarhólavatni. Þetta mætti stikunina almennt alla leið þar sem sjaldnast er áberandi stígur eða fjárgata. Á einum stað skiptist leiðin í tvennt en sameinast nokkru síðar. Þar þyrfti að koma upp stikum sem beina fólki á rétta leið.

### Þverá – Húsavíkurskáli (leið 33)

Leiðin liggur frá Þverárbrú, yfir Húsavíkurheiði og inn að skála FFF í Húsavík. Gengið er á jeppaslóða alla leiðina og er hún því bæði skýr og greið fyrir göngufólk.

### Húsavíkurskáli – Húsavíkurkirkja (leið 35)

Leiðin liggur á milli skála FFF og Húsavíkurkirkju en gengið er á bíslóða alla leiðina. Leiðin er bæði skýr og greinileg.

### Húsavíkurskáli – Loðmundarfjarðarskáli (leið 37)

Gengið er á bílvegi frá skála FFF í Húsavík og upp á Nesháls. Þaðan má annað hvort ganga veginn inn að Stakkahlíð og svo áfram að skála FFF í Loðmundarfirði eða fara um Grjótbrún og Hryggjarbrekku og niður á bílveginn rétt innan við Nes.

Á Grjótbrún og Hryggjarbrekku er gengið nokkuð mikið í mýrlendi og þar er enginn greinilegur göngustígur. Leiðin er almennt ekki mjög þétt stikuð svo í þoku er auðvelt að villast. T.a.m. er á einum stað farið yfir læk sem skiptist upp í tvær sprænur. Eins og leiðin er stikuð núna skal aðeins fara yfir austari sprænuna en ekki þá vestari. Þetta er þó ekki vel merkt og því afar auðvelt að villast með því að fara yfir báðar spræurnar. Úr þessu má bæta með því að endurskoða og þetta stikunina.



Engin stika sjáanleg

Stikaða leiðin frá Húsavík til Loðmundarfjarðar er að langmestu leyti á bílvegi. Þetta er mikill ókostur, sér í lagi ef gengið er í þoku, enda töluvert meiri upplifun að ganga utan vegslóða. Nú þegar er nokkuð algengt að fólk gangi heldur með sjónum og fari yfir gömlu vatnsaflsvirkjunina hjá Seljamýri. Þá eru einnig dæmi um að göngufólk fari beint af Neshálsi og haldi hæð í hlíðunum undir Skælingi og Bungufelli og endi við brúna yfir Hrauná hjá Fitjum. Þaðan er svo gengið suður að Stakkahlíð og svo beint inn að skála.

Undirrituð leggur til að stikuð verði leið frá Stakkahlíð og beint inn að skála FFF á Klyppstað. Við það sparast nokkur tími auk þess sloppið er við að ganga á bílvegi.

### Kækjuskörð (leið 38)

Leiðin um Kækjuskörð liggur á milli Stakkahlíðar í Loðmundarfirði og Þverárbrúr í Borgarfirði. Gengið er á jeppaslóða frá Stakkahlíð upp á Fitjar en þar er göngubrú yfir Hrauná. Síðan er gengið um Kækjuskörð og Kækjudal niður að Þverá.

Endurskoða mætti staðsetningu upphafsskiltisins við Stakkahlíð. Skiltið er ekki við upphaf jeppaslóðans sem leiðir upp á Fitjar heldur við húsið og því ekki þar sem gönguleiðin hefst í raun.

Þetta mætti stikunina aðeins í byrjun og á stöku stað en að öðru leyti er leiðin mjög skýr og vel merkt. Í upphafi (sé gengið frá Loðmundarfirði) eru einnig skýrar fjárgötur sem auðveldi rötun og á köflum er leiðin ágætlega vörðuð. Einhverjar stikur voru

undir snjó í sumar svo ekki var alveg ljóst hvar leiðin liggur. Undirrituð fór Kækjuskörð í mikilli þoku og sá því ekki neinar stikur þar sem farið var yfir snjóinn en úr þessu má auðveldlega bæta.



Fótsporin í snjónum voru eina vísbending landvarðar

Stikurnar á leiðinni eru mjög misjafnar að stærð, gerð og lit. Um er að ræða blöndu af gulum og appelsínugulum stikum auk þriggja mismunandi stærða. Flestar stikurnar eru af gömlu gerðinni (50x50x1000 mm) og appelsínugular. Einnig eru stikur af nýrri gerðinni (28x47x500 mm), sér í lagi við upphaf leiðarinnar og enda leiðarinnar. Í sjálfum Kækjuskörðum eru auk þess nokkrar enn stærri stikur (um tveggja metra háar).

Við eina vörðu á leiðinni liggja 23 heilar stikur (auk einnar brotinnar) í hrúgu. Um er að ræða tveggja metra háar stikur með appelsínugulum toppi.



Hrúga af gömlum stikum

Tafla 2 sýnir fjölda mismunandi stika.



**Tafla 2.** Fjöldi stika eftir lit og gerð.

	<b>Gular</b>	<b>Appelsínugular</b>	<b>Samtals</b>
<b>Nýja gerðin</b> (28x47x500 mm)	55	11	<b>66</b>
<b>Gamla gerðin</b> (50x50x1000 mm)	17	110	<b>127</b>
<b>Stórar stikur</b> (50x50x2000 mm)	0	12	<b>12</b>
<b>Samtals</b>	<b>72</b>	<b>133</b>	<b>205</b>

Appelsínugulu stikurnar sjást mun betur en þær gulmáluðu. Það kom sér vel á leið eins og um Kækjuskörð sem er þokugörn og liggur hátt. Einnig hafði verið málað á nokkra steina til leiðbeiningar sem er ekki mikil þrýði en kom sér þó vel í þokunni.

#### Seyðisfjörður – Loðmundarfjörður (Hjálsmárdalsheiði) (leið 41)

Leiðin um Hjálsmárdalsheiði liggur á milli eyðibýlanna Kolsstaða í Seyðisfirði og Sævarenda í Loðmundarfirði. Leiðin var yfirfarin og endurstikuð af Seyðfirðingum síðastliðið vor svo ekki þótti ástæða til að skoða hana sérstaklega.

Aftur á móti mætti fara yfir merkingar og stikur alveg í upphafi leiðarinnar frá Sævarenda. Upphafsskilti leiðarinnar er til dæmis ekki staðsett þar sem sjálf gönguleiðin hefst (við göngubrúna yfir Fjarðará) heldur við bílvaðið hjá Sævarenda. Gjarnan mætti skoða það að færa skiltið.

#### Geitavík – Hrafnatindur – Bakkagerði (leið 15)

Gönguleiðin hefst við minnisvarða um Jóhannes Kjarval og liggur um Kúahjalla að Hrafnatindi. Þaðan er gengið niður með Bakkaá að Árbæ.

Fyrsta stikan eftir minnisvarðann vísar til suðurs þegar í raun á að ganga upp hlíðina í vestur. Þetta er nokkuð villandi, sér í lagi þar sem fyrst um sinn er gengið í grasi og þar er ekki greinilegur stígur. Þetta mætti stikunina töluvert í upphafi gönguleiðar.

Á nokkrum köflum er gengið í mýrlendi. Þar mætti gjarnan hlaða grjóti til að gera svæðið auðveldara yfirferðar og koma í veg fyrir að frekara drullusvað myndist. Þá er á einum stað farið yfir mýri og leggur undirrituð til að fundin verði betri leið til að komast yfir það svæði en nú er.

Við Hrafnatind sést skyndilega ekki í fleiri stikur svo óljóst er hvar ganga skal niður. Bæta mætti við nokkrum stikum efst sem beina fólki niður hrygginn og þannig að Bakkaá. Þar sem leiðin liggur niður að ánni þyrfti að færa einhverjar stikur til því ekki virðist sem besta leið sé valin eða að kindagötur séu nýttar. Þá vantar stikur við girðinguna þar sem komið er niður að Bakka og Árbæ, sér í lagi austan megin, svo að ljóst sé hvar skal gengið til að enda við Árbæ.

### Smalakofi Kjarvals (leið 16)

Gengið er eftir leið 15 upp frá minnisvarða Kjarvals. Síðan er beygt til suðvesturs og gengið að rústum steinkofa sem Kjarval reisti er hann gætti þar fjár í æsku.

Kofarústirnar eru ekki merktar sérstaklega en gaman væri að setja niður lítið skilti svo ferðamenni átti sig örugglega á að þeir séu á réttum stað.

## 5. Framkvæmdir 2018

Í sumar var lögð áhersla á að gera heildarúttekt á svæðinu og voru framkvæmdir því í lágmarki. Eftirfarandi er útlitun á því helsta sem var gert.

Þann 25. júlí var stikun leiðarinnar um Brúnavíkurskarð löguð Brúnavíkurmegin. Beðið var með að endurstika Borgarfjarðarmegin þar sem ekki hafði verið tekið ákvörðun um hvað gera skyldi við gönguleiðina þar. Landverði til aðstoðar var Bjarni Karlsson.



Gamalli stiku skipt út fyrir nýja

Öllum gömlum stikum var skipt út fyrir nýjar og þær stikur sem enn eru í lagi (og eru af nýrri gerðinni) voru festar niður aftur og margar færðar til. Nú eru allar stikur á þessari leið kyffilega fastar og sömu megin við göngustíginn. Allar gamlar stikur voru fjarlægðar og settar í hrúgu við vesturvegg neyðarskýlisins í Brúnavík. Enn á þó eftir að mála gömlu stikurnar.

Tveimur stikum var bætt við frá neyðarskýlinu í Brúnavík og niður að Brúnavíkurá (þar sem göngubrú verður vonandi sett niður næsta sumar) til að leiðbeina fólki í rétta átt frá skýlinu. Enn á effir að setja niður vegpresta í Brúnavík. Stiku var einnig komið fyrir sunnanmegin við ána til að beina út í fjöru. Þá var þremur stikum bætt við upphaf gönguleiðarinnar til Breiðuvíkur um Súluskarð, þ.e. þar sem stígurinn byrjar upp af fjörunni.



T.v.: Aðstoðarmaður landvarðar við störf.

T.h.: Stiku komið fyrir sunnan megin við Brúnavíkurá til að beina göngufólki út í fjöru.

Einnig var stikunin inn víkina (upphaf leiðar 20 um Hofstrandarskarð) löguð. Gamlar stikur voru settar í hrúgu á bakvið stóra steininn hjá upphafsskiltinu við Brotagil. Auk þess var grjóthnullungum komið fyrir í aurugu svæði í mýrlendi. Steinarnir duga vonandi til að fólk geti stiklað yfir drulluna og ekki valdið frekari spjöllum í kring.



Grjóti komið fyrir á blautum og drullugum kafla

Þann 26. ágúst var upphaf leiðarinnar um Brúnavíkurskarð skoðað. Það gerði landvörður ásamt Hafþóri Snjólfri frá FB eftir að hafa rætt við landeigendur í Höfn. Tekin var ákvörðun um að færa nokkra stutta kafla af leiðinni til að hvíla þau svæði sem mest eru farin að láta á sjá. Einnig að hlaða skyldi fyrir leiðir þar sem stígurinn hefur skipst upp í marga svo að aðeins sé gengin ein leið.

Síðar sama dag fór landvörður og endurstikaði hluta leiðarinnar. Farið var frá upphafsskilti við Kolbeinsfjöru og áleiðis upp hlíðina. Leiðin var endurstikuð; gömlum stikum var skipt út fyrir nýjar og margar stikur færðar til. Hlaðið var fyrir nokkrar leiðir og stikum bætt við til að beina fólki á rétta leið. Í upphafi skiptist leiðin til dæmis strax í tvær og var þar hlaðið fyrir þá leið sem er farin að láta mikið á sjá. Stikum var svo bætt við hina leiðina svo að frekar sé gengi í grýttara undirlendi sem þolir áganginn betur. Áhugavert verður að fylgjast með þróun mála næsta sumar; að sjá hvort göngufólk komi til með að virða hleðsluna og hvort svæðið nái eitthvað að gróa við hvíldina. Næsta sumar mætti einnig útbúa skilti þar sem lokanirnar eru útskýrðar.



Hlaðið fyrir aðra leiðina en fólki beint að fara hina með stikum

Á einum stað, þar sem farið er yfir blautt svæði, hefur myndast mikið drullusvað. Þar var hlaðið fyrir drullusvaðið og göngufólki frekar beint upp fyrir drulluna og á grýttari hluta. Þar var flötum steinhellum komið fyrir til að gera leiðina meira aðlaðandi svo líklegra sé að fólk takið smá auka krók og fari yfir á þurrum steinum.

Einnig var steinhellum komið fyrir á blautu mýrarsvæði svo hægt sé að ganga yfir án þess að sökkva í drulluna og blotna.



Blautt mýrarsvæði „hellulagt“ og gömlu leiðinni lokað að ofanverðu



Hlaðið fyrir drullusvaðið og stikum komið fyrir ofan við gömlu leiðina

Farið er yfir aðra lækjarsprænu nokkru síðar en þar hefur myndast drullusvað á árbökkunum og svæðið orðið nokkuð leiðinlegt yfirferðar. Landvörður hlóð grjóti fyrir gömlu leiðina og stikaði nýja leið örlítið ofar þannig að farið er yfir lækinn á öðrum stað. Þar er styttra á milli bakka og leiðin meira aflíðandi svo vonandi verður hún ekki jafn drullug og sú gamla. Hugsunin með þessu er fyrst og fremst að hvíla svæðið sem orðið er ljótt og sjá hvernig gengur að græða það upp á næstu árum. Til stendur að setja einnig niður skilti þar sem ferðamenn eru beðnir um að fylgja nýju leiðinni til að vernda náttúruna.



Hlaðið fyrir ljóta svæðið og fólki beint aðra leið með stikum

Þann 27. september voru fimm göngubrýr settar yfir viðkvæm og drullug svæði. Tvær fóru yfir lækjarsprænur á leið 19 um Brúnavíkurskarð en báðar voru settar niður snemma á leiðinni Borgarfjarðarmegin. Þrjár brýr voru settar niður í dalnum inn af Brúnavík, í upphafi leiðar 20.



## 6. Álit hlutaðeigenda

### 6.1 Innlegg landeigenda

Til að hægt sé að gera úttekt á svæði sem Víknaslóðum er nauðsynlegt að eiga samtal við landeigendur. Lagt var upp með að ræða við eins marga og unnt væri í sumar en því miður gafst ekki tími fyrir alla, enda eru landeigendur á Víkum ófáir. Það er þó von undirritaðrar að samtalið haldi áfram á næstu árum enda er mikilvægt að landeigendur verði ávallt hafðir með í ráðum og að þeirra skoðanir fái að hljóma.

Rætt var við eftirfarandi landeigendur í sumar:

- Ásgeir Arngrímsson
- Einar Baldursson
- Helgu Erlu Erlendsdóttur
- Ingibjörgu Ósk Óladóttur
- Ingibjörn Kristinsson
- Jón Sigmar Sigmarsson
- Ólaf Aðalsteinsson
- Þorstein Kristjánsson
- Þröst Árnason

Einnig var rætt við Jón Þórðarson, sveitarstjóra Borgarfjarðarhrepps, og Öldu Marín Kristinsdóttur, verkefnastjóra verkefnisins Brothættra byggða hjá Austurbrú.

Í sumar sneru samtölin að sýn landeigenda á svæðið í heild og skoðun þeirra á gönguleiðunum, ráðningu landvarðar og ferðamennsku á svæðinu. Þá var rætt um samstarfið við Ferðamálahóp Borgarfjarðar eystra og Ferðafélags Fljótsdalshéraðs; hvernig því hefur verið háttað undanfarin ár og hvort eitthvað þurfi að bæta. Einnig gafst landeigendum kostur á að benda á hluti sem betur mættu fara, svo sem leiðir sem þyrfti að færa, merkingar sem mætti bæta eða truflun vegna ferðamanna.

Eftirfarandi er samantekt á þeim atriðum sem helst komu fram í umræddum samtölum.



## Lausaganga hunda

Margir vilja banna lausagöngu hunda á Víknaslóðum. Á svæðinu er mikið um sauðfé á beit og styggist það vitaskuld við hunda sem hlaupa um lausir. Hefur það komið fyrir oft en einu sinni að hundar fari í fé og reki það heim eða jafnvel drepri það. Verði það ákvörðun landeigenda að banna lausagöngu hunda þyrfti að merkja það vel á upphafsskiltum gönguleiða sem og í skálunum þremur.

## Öryggi göngufólks

Flestir sem rætt var við lögðu áherslu á að öryggi göngufólks sé tryggt. Gönguleiðir þurfi að vera vel stikaðar svo að fólk lendi síður í ógöngum en dæmi eru um fólk sem villst hefur verulega af leið og í kjölfarið lent í mjög hættulegum aðstæðum. Til að tryggja öryggi ferðamanna þurfi að huga vel að merkingum og einnig gæta þess að stikurnar séu greinilegar. Nokkrir nefndu í því samhengi að stikurnar ættu heldur að vera málaðar appelsínugular en grænar og gular; það sæist betur og að öryggi ferðafólks sé mikilvægara en að stikurnar falli inn í landslagið. Einnig var bent á að setja mætti upp merkingar um varasöm svæði, svo sem í Brúnavík þar sem fjárgötur liggja norður með víkinni og að Almenningsflesi.

## Merkingar gönguleiða

Nokkrir landeigendur sögðu það algengt að ferðamenn átti sig ekki á hvar vissar gönguleiðir hefjist. Laga þurfi merkingar gönguleiða og gæta að staðsetningu vegvísa og upphafsskilta til að koma í veg fyrir að fólk villist og þvælist hingað og þangað. Dæmi um þetta er upphaf leiðar nr. 13 frá Bakkagerði í Stórurð en þar hefur fólk ítrekað villst strax í upphafi gönguleiðar og álpast út á ruslahauga Borgarfjarðarhrepps. Setja þurfi niður upphafsskilti fyrir gönguleiðina sem og hálfu prílu yfir girðinguna þar sem leiðin hefst svo að fólk átti sig örugglega á því að það megi fara inn fyrir girðinguna. Príla kæmi líka í veg fyrir að fólk opni hliðið og gleymi svo að loka því á eftir sér. Einnig var bent á að setja þurfi niður vegvísa sem vísi á Dyrfjallatind annars vegar og Jökuldal hins vegar. Þá þurfi að merkja hvar best sé að fara yfir Dimmadalskvísl.

## Gönguleiðin upp í Brúnavíkurskarð

Nokkrir, þar á meðal landeigendur í Höfn, nefndu að huga þurfi að upphafi leiðar nr. 19 um Brúnavíkurskarð og voru hlyntir því að leiðin yrði löguð eða færð til að hvíla það land sem þegar er farið að láta mikið á sjá. Líkt og fram hefur komið var þetta gert í sumar en áhugavert verður að sjá hvernig leiðin mun þróast á næstu árum.

## Bílastæði við afleggjara til Breiðuvíkur

Landeigendur á Hofströnd bentu á að þörf sé fyrir bílastæði við afleggjarann til Breiðuvíkur. Bílastæðið gæti rúmað fjóra til fimm bíla og myndi tilkoma þess koma í veg fyrir að ferðamenn legðu bílum sínum hér og þar, svo sem fyrir innkeyrslum inn á tún. Þá sé einnig mikilvægt að fram komi, svo sem á skiltum, að fólki sé óheimilt að fara út af merktum gönguleiðum.

## Merkingar í Húsavík

Landeigendur í Húsavík segja þörf fyrir skilti sem tilgreina að akstur á vissum svæðum sé óheimill. Nú þegar er þar eitt skilti en það má gjarnan endurnýja og auk þess setja niður fleiri slík á öðrum stöðum. Þá megi merkja kirkjugarðinn betur en fjallað er um hann í nokkrum ferða- og vegahandbókum svo nokkuð er um að fólk geri sér leið til Húsavíkur til að skoða hann. Einnig mætti gjarnan setja niður skilti við lítinn kofa skammt frá Húsavíkurkirkju. Kofinn er nýttur af landeigendum sem geymsla undir eldivið og fleira en fólk gerir ítrekað þarfir sínar í og við kofann.

## Samstarf við Ferðafélag Fljótshálsa

Almenn ánægja virðist vera með samstarfið við Ferðafélag Fljótshálsa vegna byggingar skálanna þriggja í Breiðuvík, Húsavík og Loðmundarfirði. Nauðsynlegt sé að hafa áfram samráð við landeigendur um allt sem gera eigi á svæðinu. Einnig þurfi að gæta að því að heimamenn viti um staðsetningu lykla að skálavarðahúsunum svo þeir komist inn þegar verið er að smala. Þá var nefnt að FFF mætti skoða möguleikann á því að hafa skálavarðahúsin opin allan veturinn sem neyðarskýli.

## Samstarf við Ferðamálahóp Borgarfjarðar

Nokkrir sögðu að ekki hafi verið haft nægilegt samráð við landeigendur þegar gönguleiðirnar voru stikaðar á sínum tíma. Sumir sögðu ekkert samtal hafa átt sér stað og voru ósáttir við framgöngu FB í gegnum árin. Margir sögðu þó samtalið hafa

batnað með tímanum. Flestir sögðust vera ánægðir með það starf sem ferðamálahópurinn hefur unnið á svæðinu og voru stoltir af göngusvæðinu Víknaslóðum.

### Samtal við ferðaþjónustuaðila

Nefnt var að samtal vanti á milli ferðaþjónustuaðila og landeigenda. Nokkur fyrirtæki selji í gönguferðir á Víknaslóðum en að þeir aðilar hafi aldrei haft samband við eigendur þeirra landa sem gengið er á. Einhverjir sögðu að ferðaþjónustuaðilar mættu gjarnan biðja um leyfi eða í það minnsta láta vita af þeim ferðum sem skipulagðar hafa verið yfir sumarið. Eigi þetta sérstaklega við um hestaferðir. Sumum landeigendum þyki verra að vita ekki hvaða hópar séu að koma og hvenær. Einnig var stungið upp á því að þeir aðilar sem selja í ferðir inn á svæðið greiði hóflegt gjald og að sá peningur gæti til dæmis runnið til björgunarsveitarinnar Sveinunga á Borgarfirði eystra.

### Utanvegaakstur

Nefnt var að sporna þurfi algjörlega gegn utanvegaakstri á svæðinu, hvort sem um væri að ræða bíla, fjórhjól, sexhjól eða Buggy bíla. Akstur utan vega er vitaskuld óheimill alls staðar á landinu en það mætti gjarnan undirstrika í merkingum og upplýsingum um svæðið.

### Vefsíða fyrir Víknaslóðir

Sem fyrr segir má finna upplýsingar um Víknaslóðir á vefsíðu Borgarfjarðar eystra. Einn landeigandi sagðist heldur vilja hafa sér vefsíðu fyrir Víknaslóðir eingöngu með upplýsingum um göngusvæðið og ítarupplýsingum um hverja vík fyrir sig. Einnig megi vera upplýsingar um öryggismál, svo sem um hvernig skal kalla í talstöð á svæðinu. Taka þurfi skýrt fram að um sé að ræða einkalönd og að þeir landeigendur sem vildu gætu verið listaðir á síðunni. Þannig gæti fólk haft samband við viðeigandi aðila áður en það til dæmis skipulegði ferðir á svæðið. Einnig þurfi að undirstrika að á svæðinu sé sauðfé á beit sem taka þurfi tillit til.

## 6.2 Innlegg leiðsögumanna

Rætt var við nokkra leiðsögumenn sem komu með hópa í sumar. Um var að ræða fólk sem gengið hefur Víknaslóðir oft; sum hver nokkrar ferðir á sumri svo árum skiptir. Samtöl við leiðsögumenn sneru að upplifun þeirra og reynslu af Víknaslóðum sem göngusvæði og aðstöðuna í skálunum. Þá gafst þeim kostur á að koma með ábendingar um það sem betur mætti fara.

Allir leiðsögumenn sögðust mjög ánægðir með Víknaslóðir sem göngusvæði. Aðstaðan í skálunum sé frábær, svæðið fallegt og fjölbreyttar gönguleiðir í boði. Eftirfarandi er samantekt á því helst sem fram kom í samtölum við leiðsögumenn.

### Mikið gengið á bílvegi

Margir nefndu að stikuðu leiðirnar væru fullmikið á bílvegi og sögðust frekar fara ómerktar leiðir af kortinu en að ganga heilan dag á bíslóða. Dæmi um þetta er leiðin á milli Húsavíkurskála og Loðmundarfjarðarskála en sé stikaða gönguleiðin farin er gengið á bílvegi nánast allan tímann. Nokkrir leiðsögumenn sögðust frekar halda hæð og ganga undir Skælingi og Bungufelli að göngubrúnni við Fitjar í stað þess að ganga á veginum. Sú leið sé mjög skemmtileg og gefi frábært útsýni í góðu skyggni. Í mikill þoku gangi þeir aftur á móti frekar niðri við sjó og fari yfir gömlu vatnsaflsvirkjunina hjá Seljamýri. Eins sögðust allir leiðsögumenn heldur ganga beint frá Stakkahlíð inn að skálanum á Klyppstað í stað þess að ganga á bílveginum.

### Stikun og merkingar

Það er alkunna að Víknaslóðir eru þokugjarnt svæði. Nokkrir leiðsögumenn nefndu mikilvægi þess að halda merkingum góðum til að koma í veg fyrir að fólk villist af leið. Allir voru sammála að mála þurfi gamlar stikur og að á köflum þurfi að þétta stikun gönguleiðanna. Nokkrir leiðsögumenn sögðust sjálfir hafa villst í mikilli þoku á ferðum sínum um svæðið.

### Aðstaða í skálunum

Allir leiðsögumenn sögðust mjög ánægðir með aðstöðuna í skálum FFF á svæðinu. Skálarnir séu snyrtilegir og hreinir, eldunaraðstaða góð og eldhústjöldin við skálana komi sér mjög vel. Þá séu salerni, sturtur og þurrklefar til fyrirmyndar. Skálaverðir séu almennilegir og að sjaldan séu of margir í skálanum í einu. Þá var fólk sérlega ánæggt með að rusl sé flokkað í skálunum.

### 6.3 Innlegg ferðamanna

Landvörður ræddi við marga ferðamenn sem voru á leið sinni um svæðið. Auk þess var lagður spurningalisti fyrir fólk sem gisti í skálum FFF, en spurningarnar sneru fyrst og fremst að aðstöðunni í skálunum. Almennt ríkti mikil ánægja með Víknaslóðir sem göngusvæði en eftirfarandi eru helstu atriði sem fram komu í samtölum við ferðamenn.

#### Stikun og merkingar

Flestir sem landvörður ræddi við voru að ganga Víknaslóðir í fyrsta skipti og höfðu því litla sem enga reynslu af svæðinu. Allir voru mjög ánægðir með gönguleiðirnar en sögðust ekki alltaf hafa ratað vel. Allmargir villtust t.a.m. á leið sinni frá Brúnavík til Breiðuvíkur þegar komið var að krossgötunum á Kjólsvíkurmelum. Nokkrir fundu hvergi stikur sem tilheyrðu leið 21 til Breiðuvíkur og beygðu því til vesturs inn á leið 26 um Kjólsvíkurskarð og enduðu á Þrándarhrygg. Einnig nefndu nokkrir að gaman hefði verið að ganga minna á bílvegi.

#### Aðstaða í skálum

Allir voru mjög ánægðir með skála FFF; sögðu þá snyrtilega og aðstöðuna góða. Sumir nefndu þó að þeim þætti gistingin í skálunum heldur dýr. Um væri að ræða svefnpokapláss í sameiginlegu gistirými auk þess sem sturta væri ekki innifalin í verðinu og því væri fullmikið að greiða 8.000 kr. fyrir.

## 7. Framtíðarsýn fyrir svæðið

Framtíðarsýn fyrir Víknaslóðir byggist á því að um verði að ræða framúrskarandi göngusvæði þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Svæðið hafi góðar merkingar, frábæra aðstöðu og hæfilegan fjölda gesta. Landvarsla tryggji að viðhaldi sé sinnt reglulega og af kostgæfni og að öll verkefni séu unnin í sátt við landeigendur og aðra hlutaðeigandi aðila. Verndun náttúru og lífríkis svæðisins verði í forgangi og að stuðlað sé að því með hæfilegri aðgangsstýringu, fræðslu og góðum merkingum.

Eftirfarandi er nánari útlitun á helstu þáttum er varða framtíðarsýn fyrir svæðið.

### Merkingar til fyrirmyndar

Til að göngusvæði eins og Víknaslóðir geti í raun þolað ágang ferðamanna verða innviðir að vera til fyrirmyndar. Stikum, skiltum, vegvísunum og öðrum innviðum þarf að koma í gott lag en það er algjört forgangsatríði til að stuðla að verndun svæðisins sem og að auka öryggi gesta. Lagt er upp með að hafa úttektina í kafla 4 að ofan að leiðarljósi við endurbætur á innviðum svæðisins. Sú vinna mun taka nokkur sumur og að henni lokinni tekur við skipulagt og reglulegt viðhald.

### Landvarsla til frambúðar

Mikilvægur þáttur í framtíðarsýn fyrir Víknaslóðir er að festa í sessi landvörslu til frambúðar. Sjá nánar í kafla 8 að neðan.

### Gott samband við landeigendur

Til að geta sinnt endurbótum og haft landverði á svæði í einkaeigu er lykilatriði að halda góðu sambandi við landeigendur. Reglulegt samtal um ástand svæðisins, hugmyndir að breytingum og framtíðarsýn fyrir Víknaslóðir er grunnurinn að verndun svæðisins. Ekki væri heldur óvitlaust ef landeigendur tækju sig saman og ræddu ýmis mál er varða Víknaslóðir í heild, svo sem lausagöngu hunda.

### Fræðsluskilti

Á Víkum og Loðmundarfirði standa víða tóftir gamalla bæja og þegar leiðirnar voru stikaðar á sínum tíma var hugmyndin sú að merkja gömlu þjóðleiðirnar á milli þeirra. Til að undirstrika sögu svæðisins væri gaman ef sett væru upplýsingaskilti við allar tóftir og önnur kennileiti. Þannig gæti hluti af upplifun göngufólks verið ferðalag aftur

til fyrri tíma; að fræðast um byggðarsögu Víknaslóða og sjá hvernig fólk bjó á afskekktum stöðum við erfið skilyrði. Einnig myndu fræðsluskilti stuðla að verndun rústanna og bættri umgengni á svæðinu en líklegra er að fólk gangi um af virðingu ef það þekkir söguna.

Til eru myndir af sumum gömlu bæjanna og ábúendum þeirra auk uppdráttar af nokkrum bæjum. Þá er til ógrynni af heimildum og sögum af fólkinu sem bjó á Víkum og Loðmundarfirði en allt þetta væri hægt að nýta til að láta útbúa téð skilti.

### Góð upplýsingagjöf

Nauðsynlegt er að hafa áfram gott aðgengi að upplýsingum um Víknaslóðir. Vefsíða FB inniheldur mikið af góðum og gagnlegum upplýsingum fyrir þá sem hyggjast ganga á svæðinu og gönguleiðakortið er til fyrirmyndar. Upplýsingarnar á vefnum mætti gjarnan yfirfara og uppfæra eftir þörfum. Þá mætti einnig stefna að því að hafa markvissa og skipulagða upplýsingagjöf fyrir Víknaslóðir á Borgarfirði eystra, til dæmis í sérstakri upplýsingamiðstöð.

### Útvíkkun verkefnisins

Úttektin sem gerð var í sumar nær eingöngu yfir gönguleiðir á Víkum og Loðmundarfirði. Á gönguleiðakortinu eru þó mun fleiri leiðir en þær sem tilheyra hinum eiginlegu Víknaslóðum og að mati undirritaðrar mætti gjarnan skoða það að útvíkka verkefnið þannig að fleiri svæði féllu undir það. Má þar helst nefna Stórurð og Stapavík en hvort tveggja eru vinsælir áfangastaðir þeirra sem heimsækja Fljótsdalshérað og Borgarfjörð eystra. Leiðirnar um þessi tvö svæði eru mikið gengnar og því er nauðsynlegt að kanna ástand þeirra og grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir frekari skemmdir á svæðinu.

Landvörður gekk tvær leiðir í Stórurð í sumar (leið 9 frá Vatnsskarði og leið 8 frá Vatnsskarðsvegi) og punktaði hjá sér ýmis atriði um ástand þeirra. Leiðirnar eru báðar farnar að láta nokkuð á sjá, til dæmis liggur leið 9 nokkrum sinnum í gegnum dýjamosa og eru þau svæði orðin ansi illa útleikin. Þá mætti gjarnan huga að betri aðgangsstýringu í sjálfri Stórurðinni sem nú þegar er farin að láta mikið á sjá.



Drullusvað í dýjamosa

### Fuglavernd á Borgarfirði

Hafnarhólmi á Borgarfirði eystra er nú í eigu Fuglaverndarfélag Íslands. Skoða mætti að hefja samstarf við félagið þannig að landverðir sinni eftirliti með hólmanum sem og tilfallandi verkefnum yfir sumartímann. Nú þegar hefur verið rætt við Hólmsfríði Arnardóttur, framkvæmdastjóra Fuglaverndarfélag Íslands, um mögulegt samstarf og hafa viðbrögðin verið jákvæð.

### Fjöldatakmarkanir

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystra hafa markað sér stefnu fyrir Víknaslóðir sem miðar að því að svæðið verði sjálfbært göngusvæði. Hluti af þeirri stefnu er að takmarka fjölda gesta á svæðinu og miða þá við að heimila 50 manns í og við skála hverja nótt. Slíkum fjöldatakmörkunum er ætlað að stuðla að verndun náttúru og lífríkis svæðisins sem og að halda í þá kyrrð og ró sem ferðamenn upplifa nú á Víknaslóðum. Hugmyndin er sú að takmarka fjöldann áður en komið verður yfir þolmörk svæðisins, líkt og þegar hefur gerst á mörgum vinsælum ferðamannastöðum á landinu.

### Umhverfisgjald á ferðaþjónustuaðila

Uppi eru hugmyndir um að innheimta umhverfisgjald af þeim ferðaþjónustuaðilum sem selja í ferðir á svæðið. Stofnaður yrði þá umhverfissjóður sem færi í að fjármagna viðhald á gönguleiðum og stuðla þannig að sjálfbærni Víknaslóða sem göngusvæðis.



## 8. Framtíðarsýn fyrir landvörslu

Eftirfarandi er útlíðun á helstu þáttum sem felast munu í störfum landvarða á Víknaslóðum.

### Lenging tímabils

Í sumar var landvörður við störf í tæpar sex vikur en stefna ætti að því að lengja landvörslutímabilið í a.m.k. þrjú mánuði á ári. Þannig næðist ekki aðeins að sinna fleiri verkefnum heldur væri viðvera yfir þann tíma sem fólk er að koma og ganga gönguleiðirnar. Fyrstu ferðamenn eru byrjaðir að koma á svæðið í maí og eru á ferðinni fram í september svo eðlilegt væri að hafa landvörslu sem næði yfir þann tíma, a.m.k. í júní, júlí og ágúst.

### Fjölgun landvarða

Í sumar var einn landvörður að störfum en til lengri tíma lítið væri ráðlegt að stefna að því að hafa a.m.k. tvo. Svæðið er stórt og verkefnin mörg svo fjölgun landvarða myndi hafa mikil og jákvæð áhrif á verndun svæðisins.

### Endurbætur í forgangi

Næstu ár yrði áherslan fyrst og fremst á endurbætur og lagfæringar á gönguleiðum; svo sem að endurstika, lagfæra upphafsskilti og mála skilti og stikur. Notast yrði þá við úttektina í kafla 4 og verkefnalistann í kafla 9 að neðan.

### Viðhald á gönguleiðum

Að loknum endurbótum á helstu innviðum tæki við almennt viðhald og eftirlit með svæðinu. Kanna þarf hvernig svæðið kemur undan vetri ár hvert, fylgjast með þróuninni á þeim gönguleiðum sem hefur verið sinnt og sjá hvaða úrræði virka best í aðgangsstýringu og verndun viðkvæmra svæða.

### Upplýsingagjöf

Mikilvægur hluti af landvörslustarfinu er almenn upplýsingagjöf til ferðamanna; ýmist á ferðinni um svæðið, í skálunum eða á Borgarfirði eystra. Sýnilegir landverðir sem eru til staðar fyrir fólk sem á ferð um svæðið skipta miklu máli í að tryggja öryggi ferðamanna og ýta undir góða umgengni.

## Samskipti við landeigendur

Hluti af störfum landvarða væru regluleg samskipti við landeigendur á svæðinu. Landeigendur gætu þá ávallt haft samband við landverði til að ræða málin og koma sínum skoðunum á framfæri.

## Tilkynningar fyrir vefinn

Eitt af störfum landvarða gæti verið að setja inn myndir, tilkynningar og fréttir er varða Víknaslóðir á vefinn. Þannig væru nýjar upplýsingar um svæðið ávallt aðgengilegar þeim sem hyggjast leggja leið sína þangað. Einnig gætu landverðir svarað fyrirspurnum um gönguleiðirnar, aðstöðuna í skálunum og fleira tengt Víknaslóðum.

## Fræðsla

Fræðsla er stór og mikilvægur hluti af störfum landvarða og ein besta leiðin til að ýta undir náttúruvernd. Hægt væri að skipuleggja reglulegar fræðslugöngur eða viðveru á ákveðnum stöðum en slíkt myndi ekki aðeins auka upplifun gesta heldur einnig stuðla að góðri umgengni um svæðið.

Sem dæmi má nefna Álfaborgina á Borgarfirði eystra. Álfaborgin er friðlýstur fólkvangur og effirlit með henni er í höndum hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps. Hægt væri að skipuleggja reglulega viðveru við Álfaborgina en þannig væri hægt að ná til stórs hluta þeirra sem heimsækja Borgarfjörð og fræða fólk um náttúru, lífríki og sögu svæðisins.

## 9. Tillögur að framkvæmdum

### Almennt

- Ræða við þá landeigendur sem ekki náðist að tala við í sumar. Ræða einnig við landeigendur í Stóruð, Njarðvík og Stapavík ef vilji verður til að landvörður hugi einnig að gönguleiðunum þar.
- Gera úttekt á eftirfarandi leiðum:
  - Súluskarð – Glettingsnes (leið 23)
  - Bakkagerði – Stóruð (leið 13)
  - Hólaland – Stóruð (leið 14)
  - Njarðvík – Stóruð
  - Hugsanlega fleiri leiðir
- Laga merkingar á öllum leiðum; skipta út gömlum og ónýtum stikum fyrir nýjar og bæta við stikum þar sem þess er þörf. Ráð væri að byrja á þeim leiðum sem eru mest gengnar.
- Mála allar gamlar stikur.
- Hlaða grjóthnullungum í drullug mýrarsvæði svo fólk geti betur stiklað yfir. Einnig má skoða að smíða fleiri litlar göngubrýr og setja yfir verstu svæðin.
- Taka ákvörðun um hvort skipta eigi út núverandi vegvísunum. Ef ekki þarf að mála alla vegvísa á svæðinu og í sumum tilfellum skipta út límmiðum með upplýsingum um gönguleiðir.
- Fara yfir öll upphafsskilti; skipta út kortum og jafnvel plastinu þar sem þess er þörf.
- Festa skilti á alla upphafsstaura með tilmælum til gesta um að halda sig á merktum gönguleiðum og fleira í þeim dúr. Skiltin eru til hjá FB.
- Undirbúa gerð fræðsluskilta um víkurnar, tóftir gömlu bæjanna og fleira slíkt. Taka saman efni, safna styrkjum fyrir skiltunum og láta útbúa þau.
- Yfirfara öll GPS-gögn um svæðið. Gera GPS leiðarmerkingar fyrir þær leiðir sem ekki eru nú þegar til. Koma öllum gögnum á einn stað.

## Gönguleiðir

### Brúnavíkurskarð (leið 19)

- Setja niður skilti þar sem ferðamenn eru beðnir um að virða lokanir vissra leiða og ganga einungis þær stikuðu.
- Setja göngubrú yfir Brúnavíkurlá skammt frá neyðarskýlinu.
- Setja niður vegvísa í Brúnavík.
- Setja skilti við Brúnavíkurlá þar sem fólki er bent á að ganga eigi með fjörunni.

### Brúnavík – Breiðavík (Súluskarð) (leið 21)

- Setja vegvísa á krossgötunna á Kjólsvíkurmelum (þar sem leiðir 21 og 26 mætast).
- Ræða við landeigendur í Breiðuvík um að færa leiðina frá Kjólsvíkurmelum að skálanum þannig að ekki sé gengið um Blautumýri. Þá væri farið vestan við Kerlingarfjall en ekki austan þess, líkt og útskýrt er í kafla 4.5 að ofan. Sé tilfærsla leiðarinnar samþykkt þarf að taka upp stikurnar og setja þær niður á nýju leiðina.
- Taka upp stikurnar sem leiða beint niður að skála og hafa aðeins eina leið (inn í Krók).

### Kjólsvík – Kjólsvíkurlarp (leið 27)

- Setja vegvísa sem sýna hvar skal farið af leið 26 í Kjólsvík og inn á leið 27 sem leiðir upp í Kjólsvíkurlarp.
- Bæta merkingar sem sýna hvar skal farið yfir Kjólsvíkurlá.

### Breiðavík – Húsavík (Víknaheiði) (leið 30)

- Merkja betur hvar farið er yfir sumar árnar
- Stika betur við Gæsavötn.

### Húsavíkurskáli – Húsavíkurlarkirkja (leið 35)

- Setja niður skilti um að akstur inn á túnin sé óheimill.
- Setja skilti við kofann skammt frá Húsavíkurlarkirkju þar sem fólk er beðið um að ganga vel um og gera ekki þarfir sínar í og við kofann.

### Húsavíkurskáli – Loðmundarfjarðarskáli (leið 37)

- Ræða við landeigendur í Loðmundarfirði um að stika leið á milli Stakkahlíðar og skálans á Klyppstað svo hægt sé að ganga aðra leið en bílveginn. Verði það gert mætti setja göngubrú yfir Skagalæk skammt frá skálanum en fólk hefur stundum lent í vandræðum með að stikla lækinn.
- Skoða möguleikann á að stika aðra leið á milli Húsavíkurskála og Loðmundarfjarðarskála en þá sem fer eftir bílveginum. Athuga álitlega kosti og ræða það við landeigendur á svæðinu.

### Kækjuskörð (leið 38)

- Færa upphafsskiltið við Stakkahlíð þannig að það sé þar sem gönguleiðin hefst í raun.
- Samræma stikurnar á leiðinni eins og unnt er. Það gæti gerst smám saman yfir næstu ár.
- Setja nýtt skilti um Koll þar sem núverandi skilti er orðið ónýtt.

### Seyðisfjörður – Loðmundarfjörður (leið 41)

- Fara yfir stikur og merkingar á upphafi leiðarinnar við Sævarenda.
- Skoða það að færa upphafsskilti leiðarinnar þannig að það sé staðsett hjá vegvísunum og göngubrúnni yfir Fjarðará.

### Smalakofi Kjarvals (leið 16)

- Setja nýtt skilti um Jóhannes Kjarval þar sem núverandi skilti er orðið ónýtt.

## 10. Lokaorð

Víknaflóðir mynda stórkostlegt svæði sem einkennist af einstökum jarðmyndunum, öflugum lífríki og áhugaverðri sögu. Þar hefur verið unnið mikið og gott starf og óhætt er að fullyrða að betri göngusvæði sé erfitt að finna. Gönguleiðir eru margar og fjölbreyttar; bæði stíkaðar og óstíkaðar auk þess sem gestir geta valið um öruggar og léttar leiðir á bílvegum eða krefjandi leiðir um fjöll og firnindi. Þá er aðstaða í skálunum til fyrirmyndar og upplýsingar um Víknaflóðir góðar og aðgengilegar.

Nú er þó orðið tímabært að hefjast handa við markvissar umbætur á gönguleiðum og merkingum til að koma í veg fyrir frekari náttúruspjöll sem og að tryggja upplifun og öryggi ferðamanna. Á heildina litið er ástand svæðisins nokkuð gott og fjöldi ferðamanna ekki meiri en svæðið þolir. Umferð um svæðið hefur enn sem komið er ekki haft alvarlegar afleiðingar fyrir náttúru og lífríki Víknaflóða og til að halda því óbreyttu er mikilvægt að ráðast strax í þær fyrirbyggjandi aðgerðir sem nefndar eru í ofanverðri úttekt.

Þökk sé einkar jákvæðum viðtökum hefur verkefnið vaxið talsvert frá því sem upphaflega stóð til. Gæti vel farið svo að það muni teygja anga sína víðar og að landvarsla verði fest í sessi á stærra svæði en eingöngu Víkum og Loðmundarfirði. Tel ég fulla ástæðu til að kanna ástand annarra ferðamannastaða og göngusvæða með sambærilegum hætti.

Verkefni sumarsins gengu vonum frammar og er það að miklu leyti landeigendum og öðrum Borgfirðingum að þakka. Viðtökur þeirra hafa verið frábærar og kann ég þeim miklar þakkir fyrir allar þær ábendingar, athugasemdir og upplýsingar sem þau veittu mér um svæðið, sögu þess og náttúru. Þá eiga meðlimir Ferðafélags Fljótsdalshéraðs og Ferðamálahóps Borgarfjarðar þakkir skildar fyrir góða undirbúningsvinnu og mikinn stuðning í sumar.

Ljóst er að Víknaflóðir eiga sér marga velunnara sem stendur ekki á sama um ástand þeirra og afdrif. Haldi sú mikla og góða vinna, sem þegar hefur verið unnin á svæðinu, áfram af fullum krafti leikur enginn vafi á því að framtíð Víknaflóða er björt.